

indi þjóðbankans, þannig mundi hæglega geta farið svo, að starfsemi slíks banka 41
fjarlægðist mjög það markmið, er veiting á heimild til sedlaútgáfu verður að hafa 22. maí
fyrir augum. Einnig mundi mönnum þá bregðast tilfinnanlega þær vonir, sem ráðan-
neytinu er kunnugt um að Íslendingar hafa gjört sjer um bankann, bæði sökum
þess, er nú var sagt, og sökum þeirra takmarka, er starfsemi sedlabanka jafnan
verður að vera háð.

Þetta brjef eruð þjer umbeðinn að láta birta í B-deild stjórnartíðindanna
ásamt nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Á alþingi síðasta hafa báðar deildir, hvor fyrir sig, samþykkt sína þingsályktun, þar
sem skorað er á landsstjórnina, að svo framarlega sem hún eptir nákvæma athugun getur
fallizt á, að frumvarp það um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, sem þingið
hefir haft til meðferðar, sje eptir stefnu þess og meginákvæðum vel til þess fallið að verða
leitt í lög, þá leggi hún, eptir nauðsynlegan undirbúning, slíkt frumvarp fyrir alþingi. Þess-
ar þingsályktanir eru alveg samhljóða að öðru leyti en því, að við þingsályktun efri deild-
ar hefir verið bætt orðunum: »svo fljótt sem kostur er á«. Þingsályktanirnar fylgja hjer
með bæði í þeim búningi, er þær koma í frá alþingi og í danskri þýðingu.

Jeg leyfi mjer ennfremur að láta fylgja hjermeð eitt eintak af hinu upprunalega
frumvarpi, sjerprentun á till. til stofnskrár þeirrar, er ræðir um í 9. gr. frv., sjerprentun á á-
litsgjörðum nefnda þeirra, er settar voru til að íhuga málið í báðum deildum, og frumvarpið
eins og það var samþykkt af neðri deild. Með því að jeg eigi hefi þá þekkingu á banka-
málum, sem nauðsynleg sje til þess að geta kveðið upp það álit um málið, er á rökum sje
byggt, skal jeg láta mjer nægja að geta þess, að mjer gezt eigi að þeirri tillögu, er fram kom
í neðri deild, að landsjóður taki stórt lán til þess að kaupa fyrir hluti í hinum fyrirhugaða banka,
með því að framlag landsjóðs, til fyrirtækisins, ef hann annars ætti að taka þátt í því, ætti
að minni skoðun aðeins að vera í því fólgið að kaupa hluti í bankanum fyrir skuldabryef
með veði í jarðeign landsjóðs, er eigi næmu meiru en 20% af virðingarverði hennar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsálykt. 42
un um strandgæzlubát á Faxaflóa. — Með brjefi, dagsettu 28. október 23. maí
1899, hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, samþykkt af
alþingi sama ár, um að skora á stjórnina að hlutast til um að sendur verði
hingað, svo fljótt sem verða má, sjerstakur fallbyssubátur til strandgæzlu á
Faxaflóa. Með skirskótun til þess, að reynslan fyrir löngu hafi sýnt, að eitt
strandgæzluskip nægi ekki til þess, að vernda fiskiveiðarnar með fram hinni
miklu strandlengu landsins og inni á hinum mörgu fjörðum þess, hafð þjer
mælt sem bezt fram með því, að ráðaneytið tæki þetta málefni að sjer, og hafð
þjer bætt því við, að svo framarlega sem ráðaneytið eigi sæji sjer fært að verða
við hinum umgetnu óskum alþingis þegar á næsta ári, þá væri þó æskilegt,
að eitthvað yrði gjört til þess, að skerpa eptirlitid með útlendum botnvörpuskip-
um, t. d. á þann hátt, að strandgæzluskipið dveldi við Ísland til loka október-
mánaðar.

Með þeirri athugasemd, að varðskipið Heimdal dvaldi við Ísland til loka
októbers síðastliðið ár á hinni árlegu ferð sinni þangað, og að hið sama á sjer stað

42 í ár, skal ráðaneytið, eptir að hafa haft brjefaskipti um málið við flotamála-
23. maí ráðaneytið, taka fram það, sem hjer segir.

Eins og sjá má af endurriti af brjefi 30. nóvembr. f. á. frá hinu nefnda ráðaneyti, hefir það tekið fram, að til þess að hægt væri að verða að óskum alþingis í þessu efni, yrði fyrst og fremst að útvega til hinnar umbednu strandgæzlu hæfilegt skip, sem eigi væri nú til, og áætlað er að mundi kosta 300,000 til 350,000 kr.; hefir ráðaneytið jafnframt haldið því fast fram, að svo sem útvegum þessa skips væri sjer óviðkomandi, þannig yrðu hin árlegu gjöld, sem veitt væru til flotamálanna, eigi aukin frekara en þegar hefði átt sjer stað, með tilliti til fiskiveiðagæzlunnar við Ísland. Aptur á móti álitur ráðaneyti þetta, að fje það, er nú er veitt til strandgæzlu við Ísland, mundi, er hið umrædda nýja strandgæzluskip væri fengið, koma að að betri notum, ef því væri skipt milli þessa skips og herskipsins, þannig að bæði skipin væri á verði við strendur landsins í c. 3½ mánuð, en annað (hið minna) 4½ mánuði lengur.

Með því að það virðist eigi efa undirorpið að mikið væri unnið við slíkt fyrirkomulag á strandgæzlunni við Ísland, hefir verið um það hugsað, að ráðaneytið fyrir Ísland leitadi nauðsynlegrar fjárveitingar af ríkissjóði til þess að útvega hið nýja varðskip. Fjármál ríkisins hafa samt hingað til eigi verið þannig og verða varla á næsta fjárhagsári svo, að þessu verði framgengt, en vonandi er að eitthvað svipað þessu verði gjört áður en langt um líður.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Báðar deildir alþingis, sem saman kom í ár, samþykktu eptir löglegan undirbúning þingsályktun um að skora á stjórnina að hlutast til um að útvegaður verði og sendur hingað, svo fljótt sem verða má, sjerstakur fallbyssubátur til strandgæzlu á Faxaflóa.

Jafnframt því að senda þingsályktun þessa bæði í þeim búningi, sem hún kom í frá alþingi og í danskri þýðingu, skal eg leyfa mjer að mæla sem bezt með því, að hið háa ráðaneyti taki mál þetta að sjer. Reynslan hefir fyrir löngu sýnt, að eitt varðskip getur alls eigi komizt yfir að vernda fiskiveiðar vorar með fram hinni miklu strandlengju landsins og inni á hinu mörgu fjörðum þess fyrir yfirgangi útlendinga. Einkum hefir það komið í ljós, að eitt varðskip er ónógt, síðan hin ensku botnvörpuskip tóku tugum saman að reka fiskiveiðar hjer við land, samfara lögbrotum þeim, er þeim er tamt. Þau fara að koma hingað í lok febrúarmánaðar og stundum fyr og fara eigi burt hjeðan fyr en í nóvember. Eptir því sem mjer hefir verið skýrt frá, taka þau sjer stöðvar í hinni svonefndu »Mýrabugt« og á öllu svæðinu frá Ingólfshöfða að Horni þegar í febrúar, og eru þar að veiðum fast upp í landsteinum. Hjerumbil um sama leyti, eða ef til vill lítið eitt síðar, koma þau inn á Faxaflóa, og áður en varðskipið kemur, hafa þau flutt heim til sín marga farma af fiski, er þau að miklu leyti hafa aflað í landhelgi. Eptir að varðskipið er komið hingað á flóann, fara botnvörpuskipin varlegara í það, að fiska í landhelgi, en fari varðskipið burt af flóanum, þótt ekki sje nema fáa daga, eru þau þegar farin að fiska aptur í landhelgi. Því er varðskipið vant að dvelja hjer á flóanum þangað til vetrarvertíðin er úti, um miðjan maímánuð, og á meðan geta hin útlendu botnvörpuskip hagað sjer eins og þau vilja annarsstaðar við land. Á sumrin er varðskipið vant að vera á ferð með ströndum landsins, og þá eru botnvörpuskipin varkárari, með

því að þau geta aldrei vitað, hvar varðskipið er; en þegar er það er farið frá landinu, fyrir miðju septembermánaðar, gengur ósvífní þeirra og fyrirlitning á lögunum úr öllu hófi, ekki aðeins hjer á Faxaflóa, heldur og annarsstaðar við strendur landsins, því að þau vita, að hin-ir innlendu lögreglustjórar geta alls engan hemil á þeim haft, einkum þar sem þau eigi svíf-ast þess að beita ofbeldi til þess að komast hjá því að verða tekin föst, og víkja ekki fyrir öðru en vopnum. Auk þess treysta þau því, að sjeu þau aðeins komin úr landhelgi, þurfi þau ekki að óttast hegning fyrir ofbeldisverk sín.

Auðvitað er eptir staðháttum ómögulegt að varna algerlega yfirgangi hinna útlendu botnvörpuskipa, en það mundi vera mikið unnið, ef gufubátur, þótt lítill væri, hefði stöðvar á Faxaflóa frá því í byrjun marzmánaðar þangað til í nóvember, og varðskipið, sem nú er, væri hjer þar að auki frá byrjun aprílmánaðar þangað til í september á verði meðfram strönd-um landsins. Svo framarlega sem ráðaneytið eigi sjer sjer fært að verða þegar á næsta ári við óskum alþingis um sjerstakan fallbyssubát, er hafi stöðvar á Faxaflóa, þá tel eg það alls-endis nauðsynlegt, að eitthvað verði gjört til að skerpa eptirlitið með útlendum botnvörpu-veiðaskipum, t. d. á þann hátt, að varðskipið dvelji hjer við land til loka októbermánaðar, því fremur sem ósvífní hinna ensku botnvörpuskipa virðist hafa farið í vöxt, síðan enska stjórnin hefir farið að senda hingað herskip þeim til verndar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsálykt- 43
un um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík. — Með brjefi, dagsettu 24. maí
 28. oktbr. 1899, hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, er
 alþingi hefir samþykkt sama ár, um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík, þar
 sem skorað er á stjórnina

1. Að leita álits kirkju- og kennslumálaráðaneytisins og Kaupmanna-
 hafnarháskóla um það, hvort breyting á fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykja-
 vík, í líka átt og farið var fram á í frumvarpi, samþykktu á alþingi 1897, þyrfti
 að verða því til fyrirstöðu, að íslenzkir stúdentar fengju aðgang að háskólanum,
 eða hvort eigi mundi að minnsta kosti nægja, að því er guðfræðisnemendur sner-
 ir, að þeim væri gefinn kostur á aukakennslu í grísku við lærða skólann í Reykja-
 vík.

2. Ef háskólinn og kennslumálaráðaneytið kemst að þeirri niðurstöðu, að
 slíkt fyrirkomulag mundi eigi útiloka íslenzka stúdenta frá námi við háskólann, að
 stjórnin þá leggi fyrir næsta alþingi frumvarp, er byggt sje á sama grundvelli
 og frumvarp alþingis 1897.

Út af þessu skrifaði ráðaneytið kirkju- og kennslumálaráðaneytinu við-
 vikjandi hinu fyrra atriði þingsályktunarinnar. Kirkju- og kennslumálaráða-
 neytið hefir síðan sent hingað meðfylgjandi yfirlýsingar frá öllum 5 deildum há-
 skólans, og hefir bæði háskólaráðið og kirkju- og kennslumálaráðaneytið vísað til
 þessara yfirlýsinga, er þjer eruð umbeðinn að gjöra alþingi kunnar. Að alþingi
 loknu óskast þær endursendar hingað.

Í sambandi hjer við skal þess getið, að ráðaneytið fyrir Ísland eigi finn-
 ur ástæðu til að gjöra það að umtalsefni, hvort nokkurt annað löggjafarvald en
 hið almenna danska löggjafarvald geti kveðið á um skilyrðin fyrir því að stú-
 dentar frá Reykjavíkurskóla hafi aðgang að háskólanum og sjerstaklega um skil-